

## **Fjórði fundur Umhverfisnefndar 2014-2015 haldinn 12.mars 2015 klukkan 14:00.**

*Á fundinn mættu fulltrúar nemenda: Briet Sunna, Iðunn Kara, Sigurdís Ósk, Tómas Hrafn, Kristján Pétur, Böðvar Snær og Ólöf Ósk Fulltrúar starfsfólks Guðrún Sigurðardóttir starfsmaður og verkefnisstjóri og fulltrúi foreldra Sandra Brá Jóhannsdóttir.*

Guðrún setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Fyrst rifjaði Guðrún upp reglu fundarins um að rétta upp höndina til að fá orðið og las svo yfir síðustu fundargerð.

Guðrún spurði fundarmenn að því hvort þau myndu eftir umræðum síðasta fundar. Engin mundi neitt þannig að hún las upp fundargerð síðasta fundar.

Fundarmenn staðfestu að unnið hafi verið að þeim áætlunum sem gerðar voru á síðasta fundi. Búið var að hengja fuglamat upp í trén og litlu fuglarnir eru búnir með hann. Umræður spunnust um það hvað hafi orðið um netið utan af fuglamatnum. Fullyrt var að þau hefðu fokið út í veðrið og að einhver þeirra væru enn í trjánum. Fulltrúi foreldra spurði hvað krakkarnir ætluðu að gera við netin. Hún var upplýst um það að búið væri að nota sum þeirra undir fuglamat sem krakkarnir bjuggu til úr brauðafgöngum, ónýtum eplum, eplakjörnum og gömlu smjöri. Þannig eigum við nóg af fuglamat handa litlu fuglunum en við viljum ekki gefa dúfunum í garðinn hjá okkur því þær skíta svo mikið. „Þær geta bara skitið heima hjá sér“ sagði einn !!

Guðrún sagði frá því að hún er búin að vera að vinna að því að púsla saman myndbrotum af því sem við erum búin að vera að gera í vetur fyrir bíómyndina. Henni gengur að vísu illa að vista hana. Hugmynd kviknaði hvort Sandra, fulltrúi foreldra, gæti aðstoðað Guðrúnu við það.

Búið er að mála myndir og búa til köngulær fyrir sýninguna sem verður í Félagshönnuninni í tilefni af Degi leikskólans eftir hádegi. Í gær söguðum við niður brotið tré sem var á vegi okkar á leiðinni úr íþróttahúsinu. Þórunn er búin að festa það í jólatrésfót og gefa því vatn og hanga köngulærnar í því.

### Fyrir næsta fund

Fyrir næsta fund ætlum við að sá fræjum matjurta sem við munum síðan færa út í garð seinna í vor.

Talið barst að táknum grænfanans. Í honum er m.a. mynd af bók sem minnir okkur á að leita okkur að aðstoð í bókum þegar við förum að rækta grænmeti.

Tillagan var samþykkt af öllum fundarmönnum.

Guðrún þakkaði fyrir góðan fund og sagði fundi slitið.